



Fréttabréf Kvenréttindafélags Íslands

Túngötu 14, 101 Reykjavík. Sími 551 8156 Bréfasími 511 5102 Netfang krfi@krfi.is, www.krfi.is

1. tbl. 2005 Útgefandi Kvenréttindafélag Íslands. Ábm. Ragnhildur G. Guðmundsdóttir

Hvað hefur áunnist í jafnréttismálum frá 1975? Er eitthvað eftir?

Kvenréttindafélag Íslands efnir til ráðstefnu í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 5. febr. nk.

Ráðstefnan hefst kl. 11.00 og ráðgert að henni ljúki kl. 14.00. Efni ráðstefnunnar er, hvað hefur áunnist síðan 1975, þegar konur tóku sér frí frá störfum 24. október, og hvað er enn eftir

Fundarstjóri: Guðrún Jónsdóttir fræðslu- og kynningarfulltrúi Stígamóta

Dagskrá:

- 1. Staða kvenna á vinnumarkaðnum
Sjöfn Ingólfsdóttir formaður Starfsmannaf. Rv.*
- 2. Konur og stjórnmal
Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur*
- 3. Er aukin menntun lausnin?
Berglind Rós Magnúsdóttir jafnréttisfulltrúi HÍ*
- 4. Opinbert starf að jafnréttismálum
Hólmfríður Sveinsdóttir
forstöðumaður Rannsóknarmiðst á Bifröst*
- 5. Léttur hádegisverður*

INTERNATIONAL ALLIANCE OF WOMEN

Alþjóðasamtök kvenréttindafélaga voru stofnuð í Berlín í september árið 1904. Í tilefni af 100 ára afmælinu var boðað til sérstakrar ráðstefnu í Berlín sem lauk með hátíðadagskrá í Ráðhúsi borgarinnar. Þátttakendur frá Íslandi voru þær Þorbjörg Inga Jónsdóttir, formaður KRFÍ og Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri KRFÍ. Hátíðadagskráin var fjölbreytt þar sem m.a var farið yfir söguna. Fulltrúar frá sex þjóðum tóku þátt í umræðum og var Þorbjörg Inga Jónsdóttir fulltrúi Íslands í pallborðinu.

Að afmælisráðstefnunni í Berlín lokinni var haldið til Freiborgar þar sem haldið var XXXIII heimsping samtakanna. Fyrsta daginn var kosið í nefndir. Þorbjörg Inga Jónsdóttir var kjörin í þingnefnd sem undirbjó ályktanir þingsinseldi, en Ragnhildur G. Guðmundsdóttir var kjörin í kjörstjórn. Þorbjörg Inga Jónsdóttir var kjörin áfram í stjórn samtakanna til næstu tveggja ára, hún var einnig kjörin sem sérstakur ráðgjafi í millipinganefnd á vegum IAW, sem vinnur gegn hverskonar ofbeldi gegn konum. Fundargerð frá heimspingi IAW kemur í næsta Fréttabréfi

Í næsta Fréttabréfi verður einnig sagt frá undirbúningi vegna hátíðahalda í tengslum við ýmsa merkisatburði sem verða á árinu. Fyrirhugað er að halda fund á Þingvöllum 19. júní í tilefni af 90 ára kosningarétti kvenna.

„Mælskar meyjar og kjöftugar kellingar“

Konur búa yfir ómetanlegum auðæfum í menntun sinni, færni og upplifun. Allar konur hafa eitthvað fram að færa til samfélagsumræðunnar. Af því tilefni hvetur Kvenréttindafélag Íslands allar konur til að koma framlagi sínu á framfæri í Kvennamaraboni félagsins í Kringlunni (v/Hard Rock) helgina 23.-24. október næstkomandi. Kvennafrídagurinn 24. október á 30 ára afmæli á næsta ári og er þegar hafinn undirbúningur að veglegu hátíðarhaldi af því tilefni, en núna minnumst við framlags kvenna og kvennafrí dagsins með ræðum kvenna sem eiga að standa í sólarhring. Auk þess verður safnað áheitum sem renna eiga í Menningar- og minningarsjóð kvenna.

Valinkunnir kvenskörungur hefja marabonið á hádegi fyrri daginn. Hver konan tekur svo við af annarri með 10-15 mínútna framlagi hver í heilan sólarhring, þ.e. fram að hádegi næsta dag. Konum er frjálst að fjalla um hvaðeina sem liggur þeim á hjarta, t.d. kvenréttindi, kjör kennara, vísindi, hjúkrun, fjármál, barnaupveldi, veðrið, teiknimyndasögur, skipulagsmál, heimspeki, bifvélaviðgerðar og viðskipti. Engar hömlur eru lagðar á form framlagsins. Söngkonur eru hvattar til að syngja, dansarar að dansa, leikarar að leika o.s.frv. Ef tíminn er knappur til að semja ræðu (setja saman atriði) eða hugmyndaflugið lætur á sér standa er konum velkomið að lesa upp uppáhaldsljóð eða kafla úr bók. Öllum konum er velkomið að taka þátt í maraboninu, þ.e. engin aldursmörk.

Ef þú vilt vera með skráðu þig þá hjá Kvenréttindafélaginu eða sendu tölvupóst á krfi@krfi.is þar sem nafnið þitt kemur fram, símanúmer og óskir um sérstakan ræðutíma (ef óskað er eftir því að koma fram á ákveðnu tíma). KRFÍ fer yfir óskir um tímasetningu, raðar konum niður á sólarhringinn og lætur þær vita

hvenær þeim hefur verið úthlutaður tími. Framkvæmdastjóri Kvenréttindafélagsins er Ragnhildur G. Guðmundsdóttir vs. 5518156, gsm 8984437.

Kvennamarabonið nýtur stuðnings menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur og eru henni færðar bestu þakkir fyrir.

Með ósk um gott samstarf.

Fyrir hönd Kvenréttindafélags Íslands,

Anna G. Ólafsdóttir (ago@mbl.is)

Margrét Steinarsdóttir (margret@ahus.is)

Friðbjörg Ingimarsdóttir (fridbjorg@fjoltengi.is)

Bráðum koma blessuð jólin.....

Jólafundur KRFÍ

Jólafundur Kvenréttindafélagsins verður haldinn fimmtudaginn 2. desember 2004 að Hallveigarstöðum, Túngötu 14. Lesið verður úr nýjum bókum, auk þess sem happdrætti verður í boði fyrir fundargesti og ljúffengar jólaveitingar. Vinsamlegast takið kvöldið frá, en jólafundurinn verður auglýstur frekar þegar nær dregur, m.a. á heimasíðu félagsins, krfi@krfi.is